

Ed.

145. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrir 12., 13. og 14. lið í 1. gr. laganna komi:

12. Af öllum tegundum af suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og kakaódeigi kr. 1.00 af hverju kg.
13. a. Af kakaódufti 50 aura af hverju kg.
b. Af kakaóbaunum, brenndum, muldum og ómuldum, 50 aura af hverju kg.
c. Af kakaóbaunum, óbrenndum og ómuldum, 35 aura af hverju kg.
14. Af öllum tegundum af: Brjóstsykri, konfekti, átsúkkulade og sykrudum ávöxtum kr. 2,00 af hverju kg.

Verði ágreiningur um flokkun í framangreinda þrjá tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1934 að innheimta með 25% gengisviðauka tolla af vörum þeim, sem taldar eru í 1. gr. þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.